

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing ehf. Hvalfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	4.8.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Olíudreifing ehf.	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Hólmahlóð 8 - 10, 101 - R	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606962069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Sigmundur A Guðmundsson	Staðsetning	381456,135 435175,315

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlitið fannst ekki frávik frá kröfum í starfsleyfi. Þrjár athugasemdir voru gerðar við olíubirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Sest var yfir kröfur í starfsleyfi. Farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Ýmsar mælingar og skráningar eru fyrirskipaðar við daglegan rekstur og nota skal rekstrarhandbók. Skrá skal allan úrgang sem til fellur. Þar sem stöðin er mannlús lengstan hluta dagsins og treyst er á myndavélar og skynjara af ýmsum toga þá er mikilvægt að prófanir á búnaði fari fram með reglulegu millibili. Hönnun þess hluta geyma og lagna sem eru neðanjarðar byggir á katóðutæringarvörn. Mikilvægt er að katóðukerfinu sé vel viðhaldið. Ljúka þarf endurnýjun katóðukerfisins. Skráningar á mánaðarblöð voru í lagi.

Deiliskipulag fyrir Litla-Sand liggur fyrir og er dagsett 8. desember 2015. Deiliskipulag fyrir Digralæk 1 (Miðsand) er frá febrúar 2009 með breytingum frá 2011.

Olíudreifing hefur gert áhættumat fyrir starfssemi sína og áætlað þar líkur á óhöppum og einnig hversu alvarlegar afleiðingar óhappa yrðu. Fram kemur að í flestum tilfellum eru líkur á óhöppum í olíubirgðastöðvum ekki mjög miklar en ef af yrði gætu afleiðingarnar orðið alvarlegar. Líklegast atburðir eru yfirfyllingar og mistök við tengingar lagna. Viðbragðsáætlun Olíudreifingar fyrir stöðina liggur fyrir og unnin hefur verið aðgerðaráætlun fyrir stöðina. Upplýsa þarf og æfa með Slökkviliði Akraness og Hvalfjarðarsveitar um viðbrögð í stöðinni.

Gufuendurnýtingarkerfi stöðvarinnar var skoðað og á gögnum í sjálfvirku skráningarkerfi tækisins sást að losun rokgjarnra lofttegunda var við skoðun í stöðinni um 5 g/Nm³/KlSt. Bent er á kröfur um kvörðun mælitækja.

Allir 15 geymar stöðvarinnar hafa verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Geymi nr. 19 (T2016) skal þykktarmæla á árinu. Samræma þarf númerakerfi geyma og lagna núna eftir að tvær stöðvar hafa verið sameinaðar. Gufuöfnunarlagnir voru þrýstiprófaðar árið 2010 þegar stöðin að Digralæk var endurnýjuð.

Stöðin er full af olíuefnum sem notuð eru við gerð eldsneytis. Erlendir aðilar leigja stöðina undir geymslu á efnunum og verða þau flutt úr landi þegar réttar aðstæður skapast á mörkuðum með eldsneyti. Tilkynning barst í vor um að geymir í stöðinni væri tekinn að leka. Fyrstu viðbrögð voru að forfæra eldsneyti úr geyminum yfir í aðra geyma í stöðinni. Efnunum sem láku út var náð upp í brunni neðan við geyminn. Virðast aðgerðir til þess að bregðast við þessu mengunaráhappi hafa tekist og leki hafa stöðvast. Vatnsagi við geyminn virðist hafa skolað menguninni út í brunninn þar sem olíuskynjarar senda boð ef olíuefni berast frá geyminum. Alls hefur um 2000 lítrum af eldsneyti verið dælt upp úr brunninum. Viðgerð á geyminum eru ráðgerðar strax og leigjendur tæma næst stöðina.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir.

Myndavélakerfi, girðingar og hlið voru í góðu lagi. Stöðvarnar er ómannaðar en vaktmaður kemur í daglega yfirferð. Vaktmaðurinn skráir athugasemdir sínar í dagbók stöðvanna og kvittar fyrir komu sinni.

ATHUGASEMDIR

1. Neðanjarðarkerfi geyma og lagna í Digralækjarstöðinni byggir á katóðuvörn. Við prófanir var stærstur hluti kerfisins virkur en endurnýja þarf fórnarskaut við aðstöðu á bryggju. Mikilvægt er að ljúka endurnýjuninni þar sem ólíklegt er að aðrar tæringarvarnir séu til staðar.


2. Gufuendurnýtingarkerfi stöðvarinnar hefur verið í stöðugri notkun um langan tíma. Búnaður sýnir að losun rokgjarnra gufa er vel innan marka sem sett eru í reglugerð 252/1999. Kröfur eru gerðar um að búnaðurinn sé

kvarðaður með reglulegu millibili. Kvörðun mælitækja þarf að fara fram við næstu heimsókn þjónustuaðila.

3. Krafa er um skráningu grunnupplýsinga geyma og lagna í olíubirgðastöðvum. Yfirfara þarf númerakerfi lagna í sameiginlegri stöð svo prófanir á kerfum séu aðgengileg og skiljanleg í rekstrarhandbók og skili sér til eftirlitsaðila.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 29.08.2016



Gottskálk Friðgeirsson